

08. SEPTEMBER  
2022

HARPA  
ELDBORG



# Trifonov spilar Beethoven

UPPHAFSTÓNLEIKAR

# Velkomin

---

Vinsamlegast hafið slökkt  
á farsímum á meðan á  
tónleikum stendur.

---

Tónleikagestir eru beðnir um  
að klappa aðeins í lok tónverks.

---

**Tímalengd verka:**

Egmont, forleikur 9'

Píanókonsert nr. 4 38'

ARCHORA 19'

Sinfónía nr. 7 25'

Tónleikarnir eru teknir upp og sendir út á Rás 1.  
Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube  
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna  
lagalista með allri tónlist starfsársins.

# Trifonov spilar Beethoven

## UPPHAFSTÓNLEIKAR Í ELDBORG

### Sinfóníuhljómsveit Íslands

**Eva Ollikainen**  
hljómsveitastjóri

**Daniil Trifonov**  
einleikari

**Ludwig van Beethoven**  
Egmont, forleikur (1810)

**Ludwig van Beethoven**  
Píanókonsert nr. 4 (1808)  
Allegro moderato  
Andante con moto  
Rondo. Vivace

### Hlé

**Anna Þorvaldsdóttir**  
ARCHORA (2022)

**Jean Sibelius**  
Sinfónía nr. 7 (1924)  
Adagio – Un pochett. meno adagio – poco affrett.  
– Poco a poco affrettando il  
Tempo al ... Vivacissimo – rallentando al ... –  
Largamente molto – Affettuoso – Tempo I

For information in English about tonight's programme,  
please visit the Icelandic Symphony Orchestra's  
website: [en.sinfonia.is](http://en.sinfonia.is)



# Eva Ollikainen

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Finnski hljómsveitarstjórinn Eva Ollikainen er aðalstjórnandi og listrænn stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hún stundaði tónlistarnám við Sibeliusar-akademíuna í Helsinki og hreppti fyrstu verðlaun í Panula-keppninni fyrir unga hljómsveitarstjóra árið 2003. Hún kom fyrst til Íslands tveimur árum síðar þegar hún stjórnaði framhaldsskólatónleikum SÍ með nær engum fyrirvara og hún stjórnaði síðan þrennum áskriftartónleikum sveitarinnar á árunum 2007–2010. Í febrúar 2019 sneri hún aftur og stjórnaði í fyrsta sinn í Hörpu og skömmu síðar tók hún boði hljómsveitarinnar um að gerast aðalstjórnandi hennar.

Eva Ollikainen hefur stjórnað mörgum virtum hljóm-sveitum, meðal annars Útvarpshljómsveitunum í Finnlandi og Svíþjóð, Fílharmóníusveitunum í Helsinki og Stokkhólmi, Sinfóníuhljómsveitinni í Vínborg, Staatskapelle Dresden og Sinfóníuhljómsveit Breska útvarpsins (BBC). Þá hefur hún stjórnað óperuflutningi við Dönsku þjóðaróperuna og Semperoper í Dresden.

Eva er tíður gestakennari við Sibeliusar-akademíuna og hún hafði frumkvæði að stofnun Hljómsveitarstjóra-akademíu Sinfóníuhljómsveitar Íslands þar sem ungir og efnilegir tónlistarnemar fá tækifæri til þess að stjórna hljómsveitinni. Í sumar þreytti Eva frumraun sína með BBC-sinfóníuhljómsveitinni á PROMS-tónlistarhátíðinni í Lundúnum, þar sem hún stjórnaði heimsfrumflutningi á verki Önnu Þorvaldsdóttur, ARCHORA, auk þess að stjórna Fílharmóníusveit Los Angeles í fyrsta sinn á tvennum tónleikum í Hollywood Bowl og í Walt Disney Hall.



Daniil Trifonov hefur einu sinni áður komið fram á tónleikum í Hörpu, en hann var einleikari með Philharmonia-hljómsveitinni sem lék í Eldborg haustið 2015 undir stjórn Jakob Hrusa.

# Daniil Trifonov

## EINLEIKARI

Rússinn Daniil Trifonov er einn dáðasti píanóleikari samtímans – „tvímælalaust undraverðasti ungi píanisti okkar tíma,“ skrifar gagnrýnandi stórblaðsins The Times um leik hans. Trifonov fæddist í Nizhny Novgorod árið 1991. Hann hóf píanónám fimm ára gamall og hélt sína fyrstu einleikstónleika einungis tveimur árum síðar. Hann nam í Moskvu og frá 2009–2015 hjá Sergej Babayan í Cleveland í Bandaríkjunum.

Trifonov skaust upp á stjörnuhimininn þegar hann bar sigur úr bítum í Tsjajkovskij-keppninni í Moskvu árið 2011, tvítugur að aldri, og hefur hann síðan komið í helstu tónleikasölum veraldar. Trifonov hefur hlotið fjölda alþjóðlegra verðlauna fyrir list sína – árið 2018 hlaut hann til að mynda hin virtu Grammy-verðlaun fyrir einleiksplötu sína Transcendental, sem hafði að geyma hljóðritanir á verkum eftir Franz Liszt, auk þess sem tímaritin Gramophone og Musical America hafa útnefnt hann tónlistarmann ársins. Trifonov hefur hljóðritað fjölda platna fyrir þýska útgáfurisann Deutsche Grammophon en í fyrra kom út plata hans helguð tónlist Jóhanns Sebastíans Bachs.

Trifonov hefur komið fram með helstu hljómsveitum heims og hefur gegnt stöðu staðarlistamanns hjá Fílharmoníusveitunum í New York og Berlín. Á síðasta starfsári lék Trifonov alla fimm píanókonserta Beethovens með átta mismunandi hljómsveitum í fremstu röð víðs vegar um heiminn.



# Ludwig van Beethoven

## EGMONT, FORLEIKUR

Þýska tónskáldið Ludwig van Beethoven (1770–1827) fæddist í Bonn árið 1770 en við vitum ekki nákvæmlega hvenær. Af lestri kirkjubóka má sjá að hann var skírður 17. desember það ár og samkvæmt hefð voru börn á þessu landssvæði borin til skírnar degi eftir fæðingu. Þetta (auk nokkurra fleiri atriða) hefur orðið til þess að flestir fræðimenn hafa sammælt um að Beethoven hafi fæðst hinn 16. desember 1770.

Forleikurinn að Egmont hefur margoft hljómað á Íslandi. Hann hljómaði raunar á fyrstu tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands, í Austurbæjarbíói í mars 1950, undir stjórn Róberts Abraham Ottóssonar. Verkið hljómaði síðast á áskriftartónleikum árið 2019 undir stjórn Karínu Canellakis.

Engum blöðum er um það að fletta að Beethoven er í hópi frægustu tónskálda veraldar. Það kom í hans hlut að brúa bilið milli klassíska tímabilsins í tónlistarsögunni og þess rómantíska og hann hafði gríðarleg áhrif á sporgöngumenn sína. Fyrsta sinfónían sem hann samdi er til að mynda háklassísk en við erum strax farin að heyra áður óþekktar ómstríður í 3. sinfóníunni. Frægustu verk hans eru hverju mannsbarni kunn og nægir þar að nefna upphafsstefið úr 5. sinfóníunni, *Für Elise* og aðalstefið úr 4. kafla 9. sinfóníunnar, *Óðnum til gleðinnar*. Þá má einnig tilgreina Allegretto (2. kaflann) úr 7. sinfóníunni. Brot úr þessum verkum geta allir raulað, hvort sem þeir hafa áhuga á klassískri tónlist eða ekki.

Þýska skáldið Johann Wolfgang von Goethe var í miklu uppáhaldi hjá Beethoven en hirðleikhúsið í Vínborg fór þess á leit við hann árið 1809 að hann semdi tónlist við uppfærslu á harmleik Goethes, *Egmont*. Atburðir hans eiga sér stað í Niðurlöndum á seinni hluta 16. aldar og fjallar um örlög Egmonts greifa sem leiðir landa sína í uppreisn gegn yfirráðum Spánverja en týnir lífi sjálfur. Tónskáldið sjálf átti rætur að rekja til Niðurlanda en efnið höfðaði þó ekki hvað síst til hans sökum pólitísku ástands í samtímanum. Frakkar sátu um Vínborg og Beethoven, sem fyrr hafði hrifist af byltingaranda Napóleons, sá nú keisarann í öðru ljósi. Hann áleit því Egmont fyrst og fremst frelsishetju.

Forleikurinn er sá hluti þessarar leikhústónlistar sem er langmest fluttur og hefur hann til að mynda stundum tengst pólitískum átökum og frelslisbaráttu. Hér má nefna uppreisnina í Ungverjalandi árið 1956, en forleikurinn var nokkurs konar einkennistónlist hennar. Forleikurinn minnir á stutt tónaljód sem endurspeglar kjarnann í verki Goethes: kúgun Spánverja, hetjuskap Egmonts og uppreisnaranda. Skyndileg þögn skömmu fyrir lokin táknar dauða hetjunnar áður en forleiknum lýkur á innblásinni sigurtónlist.



# Ludwig van Beethoven

## PÍANÓKONSERT NR. 4

Beethoven (1770–1827) samdi fimm númeraða píanókonserta en sá hinn fjórði var samin 1805–1806 og frumfluttur í mars 1807 í einkasamkvæmi heima hjá prinsinum Franz Jósef von Lobkowitz en bæði Coriolan-forleikurinn og fjórða sínfóníuan voru frumflutt við sama tilefni. Konsertinn kom fyrst fyrir eyru almennings í desember 1808 þegar hann var fluttur á tónleikum í Víðnarborg (þar var m.a. einnig 5. og 6. sínfónían frumflutt). Verkið hlaut strax afar lofsamlega dóma en féll hins vegar fljótlega í gleymsku uns Felix Mendelssohn flutti verkið árið 1836 og var fyrir þær sakir nefnt „Þyrnirós Beethovens“ af Sir George Grove. Konsertinn er einn af hornsteinunum í efnisskrá píanista.

Píanókonsert nr. 4 eftir Beethoven hefur margoft hljómað á tónleikum Sínfóníuhljómsveitar Íslands. Árni Kristjánsson lék verkið fyrstur manna á Íslandi, í Þjóðleikhúsinu árið 1954, en síðan hafa nokkrir af dádustu píanóleikurum 20. aldar orðið til þess að leika það með Sínfóníuhljómsveit Íslands og má þar nefna Alfred Brendel (1964), Wilhelm Kempff (1966), Vladimir Ashkenazy (1970) og Radu Lupu (1975). Síðast hljómaði verkið hér á landi á áskriftartónleikum árið 2017 þar sem Paul Lewis lék einleik undir stjórn Matthew Halls.

Verkið skiptist í þrjá (mislanga) þætti. Píanistinn hefur einn leik á einföldum hljómi í G-dúr áður en hljómsveitin leikur sama stef. Þá kynnir einleikarinn aðalstefið til sögunnar og þátturinn einkennist svo af ljóðrænum hendingum, eins konar samtali milli einleikara og hljómsveitar. Annar þátturinn (sem hefst í e-moll) er áfram nokkurs konar orðræða milli hljómsveitar og einleikara. Hlustið til að mynda eftir því hvernig píanóið beinlínis syngur – en í þessum kafla er kannski að finna mestu næmni, viðkvæmni og allt að því töfra í öllum verkum tónskáldins. Annar og þriðji þáttur renna að því er virðist saumlaust saman en í þriðja þætti er annað uppi á teningnum en viðkvæmni annars þáttarins. Fljótlega hljómar glaðvært stef í strengjunum sem einleikarinn svarar. Hljómsveit og einleikari kallast á í ólíkum hendingum sem leiðir yfir í kadensu þar sem einleikarinn fer úr C-dúr yfir í upphaflega tóntegund konsertsins, G-dúr. Langt niðurlag (coda) verksins er leiðir svo yfir í glæsilegan endi.





ARCHORA hefur aldrei áður verið flutt á Íslandi. Hér er því um Íslandsfrumflutning að ræða.

# Anna Þorvaldsdóttir

## ARCHORA

Anna Þorvaldsdóttir (f. 1977), staðartónskáld Sinfóníuhljómsveitar Íslands (frá 2018), hefur fyrir löngu skipað sér í hóp áhrifamestu tónskálda samtímans og nýtur fádæma hylli fyrir verk sín. Hún hefur samið verk fyrir hljómsveitir á borð við Berlínarfílharmóníuna og Fílharmóníusveitirnar í New York og Los Angeles og verk hennar eru á efnisskrá hljómsveita um heim allan. Þá hefur Anna hlotið ótal alþjóðlegar viðurkenningar fyrir verk sín. Nýjasta verk hennar, ARCHORA, var frumflutt á PROMS-tónlistarhátíð BBC í Royal Albert Hall í sumar og stýrði þá Eva Ollikainen flutningi Fílharmóníusveit breska ríkisútvarpsins BBC. Verkið var pantað af Sinfóníuhljómsveit Íslands ásamt Fílharmóníusveit BBC, Fílharmóníusveit Los Angeles, Orchestre de Paris og svissnesku tónlistarhátíðinni Klangspuren Schwyz.

ARCHORA er stórt verk, fullt af andstæðum og var að sögn Önnu rúmt ár í smíðum. Innblástur þess tengist ákveðinni frumorku þeim andstæðum sem geta búið í sama efninu eða sama heimi. Anna segir sjálf að grunnhugmyndin sé ákveðin tvístrun sem verður til þegar hlutirnir glata innbyrðis tengingu sín á milli og öfgarnar verða því nær óþekkjanlegar sem hluti af sama heimi. Þannig er framvinda verksins og efnið stýrist af þessum andstæðu öflum, sem þó eru nátengd, þar sem þau hverfast um hvert annað og togast á í gegnum verkið. Fyrir Önnu þjónar innblásturinn þó alltaf fyrst og fremst tónlistinni sjálfri (en ekki öfugt) og lýtur tónlistin ævinlega eigin lögmálum.

Hljómsveitir víða um heim hafa þegar sett verkið á efnisskrár sínar enda telst nýtt verk eftir Önnu Þorvaldsdóttur heimsviðburður.



# Jean Sibelius

## SINFÓNÍA NR. 7

Finnar lýstu yfir sjálfstæði í kjölfar októberbyltingarinnar í Rússlandi 1917 en Rússar höfðu lagt landið undir sig snemma á 19. öld og gert að stórhertogadæmi. Seinni hluti 19. aldar og allt fram á 20. öld var mikið umbrotaskeið í þjóðernislegu tilliti í Finnlandi og úr því umhverfi spratt Sibelius (1865–1957). Tónlist átti einmitt mikinn þátt í að styrkja sjálfsmynd þjóðarinnar og þar lék kunnasta tónskáld Finna lykilhlutverk. Kannski má einmitt segja að Sibelius hafi leitast við að fanga þjóðarandann í verkum sínum en verk hans voru eftir sem áður frumsamin, þ.e.a.s. hann studdist ekki beint við þjóðlög í verkum sínum. Hann sótti þó innblástur í þjóðararfinn, svo sem Kalevela.

Á árunum 1899–1924 samdi Sibelius sjö númeraðar sífóníur sem ekki hvað síst halda nafni hans á lofti. Þetta eru þó býsna ólík verk, einkum eru fyrsta og önnur sífóníurnar frábrugðnar þeim seinni fimm. Kannski má segja að fyrstu tvær sífóníurnar séu skyldar verkum Tsjajkovskíjs og Bruckners en seinni fimm séu meira í nýklassískum anda (sú fjórða tengist líka módernisma sterkum böndum). Reyndar hafa sumir haldið því fram að Sibelius hafi samið níu sífóníur, þ.e.a.s. ef kórsífónían Kullervo og *Lemminkäinen*-svítan eru taldar með, en það er annað mál og flóknara.

Sibelius minnst fyrst á sjöundu sífóníuna í bréfi frá árinu 1918 eða um það leyti sem hann var að ljúka við fimmtu sífóníuna og var farinn að leggja drög að þeirri sjöttu. Upphaflega gerði tónskáldið ráð fyrir að sjöunda sífónían yrði í þremur þáttum (rétt eins og sífóníur nr. 3 og 5) en reyndin varð önnur. Hinn 24. mars árið 1924 var frumflutt í Stokkhólmi verk í einum þætti undir heitinu *Sinfónísk fantasía nr. 1*. Sibelius var

Sjöunda sífónían hefur hljómað nokkrum sinnum á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands, síðast árið 2012 undir stjórn Johns Storgárds. Þá má þess geta að hljómsveitin hefur hljóðritað þetta verk (ásamt öðrum sífóníum eftir Sibelius) undir stjórn Petri Sakari fyrir NAXOS.

á báðum áttum með hvort verkið skyldi fylgja hinum sex númeruðu sinfóníum sínum en loks afréð hann að svo skyldi verða og þegar verkið var gefið út árið 1925 fékk það heitið *Sinfónía nr. 7 í einum þætti*.

Verkið hefst á þremur slögum hjá pákunum áður en strengirnir leika einfaldan C-dúr skala. Verkið er einmitt í C-dúr og það vakti athygli samtímamanna Sibeliusar í hópi tónskálda sem margir héldu því fram að bóúð væri að gjörnýta þessa tóntegund; ekki væri lengur hægt að semja verk í þessari tóntegund en Sibelius afsannaði það rækilega. Tónlistarfræðingar hafa gert margar tilraunir til þess að hólfa verkið niður, ýmist í þrjá eða fjóra hluta, en kannski er einfaldast að segja að um sé að ræða um það bil 22 mínútna samfelld verk þar sem tónskáldið kynnir til sögunnar lítil stef hér og þar sem mörg hver tengjast sterkum böndum; þannig verður til hugmynd sem vex og dafnar og getur af sér aðrar hugsanir og svo framvegis.

Sjöunda sinfónían var eitt síðasta verkið sem Sibelius samdi á ferlinum (hann átti einungis tónaljóðið *Tapiola* ósamið) en hann drakk orðið ótæpilega. Meðal þess sem hann átti til að gera var að stjórna hljómsveitum undir áhrifum áfengis, oftast en ekki með hörmulegum afleiðingum (má þar meðal annars nefna áðurnefndan frumflutning sjöundu sinfóníunnar). Tónskáldið hafði hins vegar eitt ár um nírætt þegar hann lést árið 1957 og því má segja að hann hafi sest snemma í helgan stein, enda lifði hann í rúm þrjátíu ár án þess að semja nokkuð eftir að *Tapiola* kom út. Aðdáendur hans biðu langeygir eftir áttundu sinfóníunni en drög að henni brenndi Sibelius sennilega í kringum árið 1940.

Magnús Lyngdal Magnússon



Skemmtilegir kokteilar, frábær matur  
[www.slippbarinn.is](http://www.slippbarinn.is)



Notalegt, ferskt og fallegt  
[www.satt.is](http://www.satt.is)



Fáguð matargerðarlist  
[www.vox.is](http://www.vox.is)



Litríkur, fjörugur og sérvitur  
[www.geirismart.is](http://www.geirismart.is)

# Heil sífónía fyrir sælkera

Fullkomnaðu stemninguna með frábærri máltíð eða hressandi drykk á úrvals veitingastað.



satt

SLIPBARINN

# Sinfóníuhljómsveit Íslands 2022

## 1. fiðla

Ari Þór Vilhjálmsson  
Zbigniew Dubik  
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir  
Pálína Árnadóttir  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Laufey Jensdóttir  
Andrzej Kleina  
Margrét Kristjánsdóttir  
Bryndís Pálsdóttir  
Ragnheiður Ingunn  
Jóhannsdóttir  
Sigrún Harðardóttir  
Laufey Sigurðardóttir  
Laura Liu  
Hrefna Berg Pétursdóttir

## 2. fiðla

Páll Palomares  
Gunnhildur Daðadóttir  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Dóra Björgvinsdóttir  
Justyna Bidler  
Þórdís Stross  
Hlín Erlendsdóttir  
Kristján Matthíasson  
Hekla Finnsdóttir  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Gróa Margrét Valdimarsdóttir  
Ólöf Þorvarðsdóttir

## Víola

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Svava Bernharðsdóttir  
Guðrún Hrund Harðardóttir  
Fidel Atli Quintero Gasparsson  
Kathryn Harrison

Herdís Anna Jónsdóttir  
Móeiður Anna Sigurðardóttir  
Anna Elísabet Sigurðardóttir  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Sarah Buckley

## Selló

Sigurgeir Agnarsson  
Steiney Sigurðardóttir  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Hjörtur Páll Eggertsson  
Þórdís Gerður Jónsdóttir  
Júlía Mogensen  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Bryndís Halla Gylfadóttir

## Bassi

Xun Yang  
T.C. Fitzgerald  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson  
Hávarður Tryggvason  
Gunnlaugur Torfi Stefánsson

## Flauta

Beatriz Macías  
Áshildur Haraldsdóttir  
Martial Nardeau

## Óbó

Julia Hantschel  
Peter Tompkins

## Klarínnett

Arngunnur Árnadóttir  
Grímur Helgason  
Rúnar Óskarsson

## Fagott

Bryndís Þórsdóttir  
Dagbjört Ingólfssdóttir  
Brjánn Ingason

## Horn

Stefán Jón Bernharðsson  
Julia Pesendorfer  
Emil Friðfinnsson  
Constantin Glaner

## Trompet

Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinsson

## Básúna

Sigurður Þorbergsson  
Carlos Caro Aguilera

## Bassabásúna

David Bobroff

## Túba

Nimrod Ron  
Breki Sigurðarson

## Harpa

Katie Buckley

## Pákur

Soraya Nayyar

## Slagverk

Steeff van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Eggert Pálsson

Lára Sóley Jóhannsdóttir  
*framkvæmdastjóri*  
Halla Oddný Magnúsdóttir  
*lístrænn ráðgjafi*  
Valdís Þorkelsdóttir  
*viðburða -og skipulagsstjóri*  
Jökull Torfason  
*verkefnastjóri viðburða*  
Hjördís Ástráðsdóttir  
*fræðslustjóri*

Margrét Ragnarsdóttir  
*markaðs- og kynningastjóri*  
Kristín Björg Björnsdóttir  
*markaðsfulltrúi*  
Dagrún Hálfðánardóttir  
*mannauðsstjóri*  
Svanhvít Hrólfsdóttir  
*fjármálastjóri*

Kristbjörg Clausen  
*nótnavörður*  
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað  
*umsjónarmaður nótna*  
Sigþór J. Guðmundsson  
*verkefnastjóri sviðs- og tæknimála*  
Guðmundur Andrés Erlingsson  
*sviðs og tæknimaður*



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Áskrift að upplifun

TÓNLEIKARAÐIR  
2022 | 2023

Nýtt starfsár Sinfóníuhljómsveitar Íslands er perlum og stjörnum prýtt – boðið er upp á sex ólíkar tónleikaraðir á starfsárinu 2022-2023. Þú getur komið í áskrift að þeirri tónleikaröð sem höfðar mest til þín og valið þér sæti í Eldborg, eða keypt Regnbogakort sem gefur þér kost á að setja saman tónleikaröð eftir eigin höfði.

Áskrift að tónleikaröðum og Regnbogakorti veitir  
**20% afslátt** af almennu miðaverði.

**Nánari upplýsingar í miðasölu**  
Hörpu og á [sinfonia.is](https://sinfonia.is).

SINFONIA.IS

# Á döfinni

10.09 LAUGARDAGUR  
Kl. 20:00



## Daniil Trifonov

### EINLEIKSTÓNLEIKAR

Daniil Trifonov er einn dádasti píanóleikari samtímans – „tvímælalaust undraverðasti píanisti okkar tíma,“ skrifar gagnrýnandi stórblaðsins The Times um leik hans. Trifonov er einn eftirsóttasti einleikari samtímans og kemur hann nú fram í fyrsta sinn á einleikstótleikum á Íslandi. Verk eftir Tsjajkovskíj, Schumann og Brahms. Efnisskrá Trifonovs einkennist af andríki og lífsþrótti, en æskan tengist öllum verkunum á einn eða annan hátt. Þetta eru fyrstu einleikstónleikar Trifonovs á Íslandi og eru þeir haldnir í framhaldi af tónleikum hans með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

15.09 FIMMTUDAGUR  
Kl. 19:30



## Dísella og Danzmayr

Á þessum tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands hljóma ýmis verk með tengsl við nýja heiminn undir stjórn Davids Danzmayr, sem nýtur mikillar velgengni sem hljómsveitarstjóri vestanhafs. Sinfónían „Úr nýja heiminum“ er eitt af lykilverkum í þjóðlegri símfóníusmíði 19. aldar, en hana samdi Dvořák þegar hann var búsettur í Bandaríkjunum. Frumkvöðullinn Charles Ives sækir líka innblástur í tónlist heimamanna vestra, þar á meðal í ættjarðarsöngva, hergöngulög og sálma, en Þrír staðir í Nýja Englandi er meðal vinsælustu tónsmíða hans.

Dísella Lárusdóttir hefur unnið hvern listrænan sigurinn á fætur öðrum sem söngkona við Metrópólitan-óperuna í New York. Söngur hennar hefur hlotið mikið lof gagnrýnenda, til að mynda í stórblaðinu New York Times, sem hrósaði henni fyrir fádæma nákvæmni í bland við magnaða túlkun í óperu Philips Glass, Akhnaten. Fyrir hljóðritun á þeirri óperu hlutu Dísella og félagar á Metrópólitan Grammy-verðlaun í apríl 2022. Nú syngur Dísella bæði tregablandna ariú Konstönsu úr Brottnáminu úr kvennabúrinu eftir Mozart og virtúósiskan söng Kúnígúndar, Glitter and be Gay, úr Birtíngi eftir Leonard Bernstein.



# Daniil Trifonov

EINLEIKSTÓNLEIKAR

10.09 | 20:00

Hinn heimsfrægi og margverðlaunaði píanóleikari, Daniil Trifonov, leikur spennandi efnisskrá á einleikstónleikum í Eldborg; verk eftir Tsjajkovskíj, Schumann og Brahms. Tónlist full af andríki og ástríðu í flutningi eins eftirsóttasta einleikara okkar tíma.

**Missið ekki af þessum stórviðburði í tónlistarlífinu!**

MÍÐASALA/SINFONIA.IS